

Fundur stjórnar ÆSKÞ 22. mars 2023 á ZOOM

Mætt: Aldís Elva Kvaran, formaður ÆSKÞ, Katrín Helga Ágústsdóttir, gjaldkeri, Ásmundur Máni Þorsteinsson, meðstjórnandi, Sóley Adda Egilsdóttir, meðstjórnandi, Eva Björk Valdimarsdóttir, varamaður, Rebekka Ingibjartsdóttir, varamaður, Sigurður Óli Karlsson, varamaður og Sólveig Franklinsdóttir, varamaður, sem ritaði fundargerð. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

1. Setning fundar.

Jónína setti fundinn og bauð alla velkomna. Fyrsta atriði fundar var að fara yfir undanfarin verkefni. Þá var farið yfir viðbrögð við því bréfi er Jónína hafði sent fyrir hönd ÆSKÞ til þeirra er komu að ráðningu nýs svæðisstjóra og vegna uppsagnar Kritjáns. Svarið var talið vera þunnt, þar sem virðist sem svarendur víki sér undan ábyrgð varðandi allt ferlið í kringum uppsagnar- og ráðningarferlið. Fram kom einnig að það virðist skorta þekkingu hjá fyrrnefndum aðilum á barna- og æskulýðsmálum. Þetta var fært til bókar.

2. Hvað er ÆSKÞ?

Jónína fór yfir það fyrir hverju sambandið stendur, hvaða verkefni, ábyrgð og skyldum það hefur að gegna. Einnig lögð áhersla á hvað það felur í sér að vera frjáls félagasamtök. ÆSKÞ var stofnað árið 2006 og er m.a. ætlað að efla æskulýðsstarf í landinu. Fram kom að ákveðinn vöxtur hefði verið í æskulýðsstarfi á þessum tíma og því mikil þörf fyrir utanumhald og heildræna yfirsýn. Við viljum halda áfram að bjóða upp á úrvals viðburði þar sem faglegt starf er í forgrunni. Auk þess að efla samtalið við þjóðkirkjuna. Jónína ítrekaði samt sem áður styrkleikana sem felas í því að vera óháð félagasamtök, því þannig skapist vettvangur til þess að þrýsta á þjóðkirkjuna um úrbætur í málefnum sem hafa oft verið erfið mál fyrir kirkjuna en fullkomin fyrir grasrótahreyfingu til að láta sig varða og hefur ÆSKÞ í raun átt frumkvæðið af því að þjóðkirkjan hafi hafist handa við að veita ýmsum málaflokkum verðskuldaða athygli og opnað samtal sem kirkjan getur verið stolt af í dag. Það er stykur fyrir Þjóðkirkjuna að það séu samtök á borð við ÆSKÞ sem vilja vinna með henni sjálfstætt en í samvinnu og samtali.

3. Erlent samstarf.

Fram kom hve mikilvægt sé að vera í erlendu samstarfi. Þeir leiðtogar og eða þáttakendur sem hafa farið erlendis eru líklegri t.þ.a. endast áfram í barna- og æskulýðsstarfi. Því þarf að hvetja til alþjóðlegrar þátttöku og stækka tengslanetið. Þá vantar tengilið við EYCE.

4. Námskeið fyrir stjórn

Gott væri að halda námskeið fyrir starfandi stjórnir um hvað það felur í sér að vera starfandi stjórnarmeðlimur. Jónína benti á námskeið um hlutverk í stjórn á vegum UMFÍ. Mikilvægt er að vera virkur stjórnarmeðlimur. Almennt eru 10 manns í stjórn sem er blönduð hvað varðar aldur, kyn og búsetu.

5. Afhverju ÆSKÞ

Félagasamtök þurfa æskulýðsstarf sem er mikilvæg stoð fyrir þjóðkirkjuna. Það hefur hins vegar verið of lítil nýliðun þar undanfarið. Þá þarf að hafa í huga, til að mynda atriði eins og það hvaða staða gæti komið upp ef trúfélagaskráningu verður breytt. Því er mikilvægt að þjóðkirkjan bjóði upp á góða þjónustu.

6. Styrkir.

ÆSKP fær árlega styrk frá Þjóðkirkjunni. Sá styrkur mætti vera hærri. Það hefur hins vegar verið erfitt og flókið að sækja í utanaðkomandi styrki af ýmsum ástæðum. Rætt um rekstrarkostnað sem má lesa nánar um í skýrslu og ársreikningum félagsins um rekstur og stöðu síðasta árs, þ.e. 2022. Þar kom helst fram að landsmót stendur undir kostnaði en þar voru utanaðkomandi styrkir í formi matargjafa og annarra gjafa. Mikilvægt er að leita leiða til þess að afla og auka utanaðkomandi styrki. Einnig mikilvægt að reksturinn standi undir sér og sé stöðugur og geti tekist á við óvæntar aðstæður í Þjóðfélaginu á t.d. krepputímum. Þá er líklegt að þátttaka í barna- og æskulýðsstarfi innan Þjóðkirkjunnar muni aukast í haust. Reynslan hefur sýnt að í samræmi við hækkandi verðbólgu eykst þörfin. Þá koma fram að kanna frekar *Erasmus* styrki, en um leið þá geta þeir verið hamlandi, þar sem þeir eru ætíð eyrnamerkir einstöku verkefni.

7. Viðburðir.

Framundan er námskeiðið *Easter Course, 1. -9. apríl 2023*. Þeir Ásmundur Máni og Sigurður Óli munu sækja það námskeið og hefur Jónína pantað áprentaða boli að því tilefni fyrir þá til að taka með sér. Einnig er framundan viðburðurinn *Vaktu með Kristi*, sem er fyrir æskulýðsfélög og fermingarborn. Markmið viðburðarins er að fara saman í gegnum píslarsögu Krists frá upphafi til páska. Vakan stendur frá kl 21:00 á Skírdagskvöld og stendur til klukkan 8:00 að morgni Föstudagsins langa. Jónína óskar eftir hugleiðingum fyrir helgistundirnar á viðburðinum frá stjórnarmeðlimum.

8. Landsmót.

Það þarf að finna landsmótsstjóra. Landsmótið fer fram á Akranesi 13-15. október n.k. Stjórn fer í að hafa samband við aðila sem gætu tekið það að sér. Þá þarf landsmótsnefnd að auglýsa umsóknir um páskana. Einnig að setja saman hóp sjálfboðaliða/ungleiðtoga, sem þarf að passa að sé mátulega stór.

8. KUF

Ákveðið var að Sólveig Franklinsdóttir taki að sér verkefnastjórnun á KUF. Auk þess var ákveðið að hafa samband við Ásu Laufeyu Sæmundsdóttur og óska eftir henni sem aðstoðarverkefnastjóra til að leiðbeina Sólveigu.

9. framkvæmdastjóri ÆSKP

Þá tók Aldís Elva Kvaran, formaður ÆSKP, til máls, þar sem hún tjáði Jónínu Sif Eyþórsdóttur, framkvæmdastjóra ÆSKP, að stjórnin hefði samþykkt að hún fengi árs leyfi frá störfum. Því næst bauð Aldís Elva, Sólveigu Franklinsdóttur, að taka við tímabundinni stöðu framkvæmdastjóra og þáði Sólveig boðið. Fram koma að stjórn ÆSKP var sammála um þessa framkvæmd og einnig að möguleiki væri á áframhaldandi ráðningu Sólveigar, ef Jónína kæmi ekki aftur til starfa. Þá mun Jónína funda með stjórn ÆSKP um frekari framkvæmd ráðningarinnar, varðandi dagsetningar, starfshlutfall í þjálfun og laun.

10. Önnur mál.

Vantar sjálfboðaliða í haust fyrir *Europe Fellowship (EF)*. Jónína nefnir mikilvægi þess að komast í stjórn þar í ár, til að komast hjá því að þurfa að fylla stöðu formans eftir ár, þar sem framkvæmdin getur verið flókin, þar sem fjármagnið fylgir formanni. Þá getur staða gjaldeyrismála haft þar áhrif til góðs eða ills, vegna kostnaðar við gjaldeyrisskipti. Það vantar fulltrúa í stjórn EF og var Ásmundur Máni Þorsteinsson tilnefndur og þáði boðið.

Auk þess óskaði Rebekka eftir góðu rafrænu efni fyrir leiðtogapjálfun.

Fundi slitið kl. 22.35.